

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
11 MARS 2009 54.55	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2009
Tilvísun: UST20090200134/bs

Endurbætur á sjóvarnargarði í Gróttu, Seltjarnarnesi. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða endurbætur á sjóvarnargarði við bátaskýli Rótaryklúbbs Seltjarnarness í Gróttu. Ráðgert er að endurnýta grjót úr eldri garði, en til viðbóta þarf að flytja að um 25 m³ af grjóti og um 50 m³ af mól. Flutningur á efni mun fara fram á fjöru, þannig að ummerki um þá eyðast á næsta flóði. Framkvæmdaaðili leggur áherslu á að framkvæmdir verði utan varptíma til að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði sem minnst.

Hér er um litla framkvæmda að ræða, unnt er að vinna verkið utan varptíma til að lágmarka áhrif á fuglalíf og haga flutningum þannig að ummerki um þá verða hverfandi.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri